



Samtakahópurinn, haldinn í fjarfundi 27.október 2021 kl. 10.00

Mætt: Kristján Freyr Geirsson, Svava Ósk Stefánsdóttir, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Heiða Ingimundardóttir, Fríða Guðlaugsdóttir, Davíð Már Gunnarsson, Ólafur Bergur Ólafsson, Linda Sif Leifsdóttir, Sigrún Helga Björgvinsdóttir, Elísabet Kolbrún Eckhard, Aníta Engley, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Hildur Björg Vilhjálmsdóttir, María Guðmunda Pálsdóttir og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Kynning á starfi FFGÍR

Aníta Engley og Guðrún María Þorgeirsdóttir kynntu starfsemi FFGÍR. Samtakahópurinn þakkar greinargóða kynningu.

2. Heilsu- og forvarnarvika Reykjanesbæjar 4. – 10. október 2021 sl.

Kærar þakkir fyrir þátttökuna í heilsu- og forvarnarviku Reykjanesbæjar sem haldin var fyrstu vikuna í október í fjórtánda sinn. Mjög góð þátttaka var meðal bæjarbúa og stofnanir Reykjanesbæjar, fyrirtæki og einstaklingar buðu upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. Heilsu- og forvarnarvika Reykjanesbæjar verður 15 ára á næsta ári og mun hefjast 3.október og ljúka 9. október 2022.

Allar ábendingar um hvað gera megi betur má koma til skila á netfangið

hafthor.birgisson@reykjanesbaer.is

3. Þróun á áfengisneyslu framhaldsskólanema


Mikil vinna hefur átt sér stað við að minnka drykkju framhaldsskólanema á undanförunum árum og áratugum.

Margvísleg fræðsla og menning sem hefur verið að breytast.

Á framhaldsskólaböllum hefur verið boðið upp á að blása og komast þannig í edrúpottinn og hljóta mögulega glæsileg verðlaun, varðstjóri forvarna lögreglunnar

á Suðurnesjum hefur verið á nánast öllum böllum hjá okkur á Suðurnesjum sem svo sannarlega er ekki alls staðar. Samtakahópurinn þakkar foreldrasamfélaginu, stjórnendum FS, nemendum og lögreglunni á Suðurnesjum fyrir þennan góða árangur að hafa fjölgað um 35 % þeim sem aldrei hafa orðið ölvuð, líkt og skýringarmyndin segir hér til um.

Hlutfall framhaldsskólanema sem hafa aldrei orðið ölvuð árin 2000 - 2020



4. Aðgerðir gegn stafrænu ofbeldi – forvarnarherferð

Samtakahópurinn fagnar nýju aðgerðarplani gegn stafrænu ofbeldi á Íslandi (sjá glærur sem fylgigögn)



RIKISLÖGREGLUSTJÓRI



5. Staða og þróun ofbeldishegðunar.


Samkvæmt upplýsingum úr könnunum HBSC varð talsverð aukning á þátttöku í slagsmálum meðal ungmenna á Íslandi milli árana 2014 og 2018. Könnun sem Rannsóknir og greining lagði fyrir í upphafi árs 2020 sýnir að alls segjast um 15% ungmenna í 8.-10. bekk á Íslandi hafa tekið þátt í slagsmálum síðastliðna 12 mánuði.

Samtakahópurinn hefur miklar áhyggjur af þróun ofbeldishegðunar ungmenna og eru áhyggjurnar ekki bundnar við einungis við Suðurnes, heldur allt höfuðborgarsvæðið. (sjá m.a. skýrslu sem fylgir með sem fylgiskjal).

6. Þróun og notkun vímuefna meðal nemenda í 10.bekk


Samtakahópurinn vill koma á framfæri þakklæti til allra sem hafa lagt hönd á plóginn við þróa forvarnarstarf í Reykjanesbæ. Það er rík ástæða til að fagna línuriti líkt og sést hér til hliðar.

Þróun á notkun vímuefna meðal 10. bekkinga á Íslandi árin 1998 - 2021



7. Endurskinsmerki – og útvistartíminn

Samtakahópurinn minnir á reglur um útvist barna og notkun endurskinsmerkja þar sem að nú er farið að skyggja mikið.



ÚTIVISTAR-REGLURNAR*
*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20
13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 22
13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 24

SAMAN
www.samnahopurinn.is

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!
Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglunum þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá vísitæmndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðsamliana. Aldur miðast við fæðingarár.

Fleira ekki gert og fundi slitið 11.00.